# MIÐ

## (ferðasaga)

*Bjarneyjar* gangi ekki saman. Miðið: „Vesturbrún á *Hesti* í vesturbrún *Elliðaeyjar*" (44) leiðir vestan við háða boðana, en miðið: „Vestari fjallsrætur *Eyrarfjalls (Narfeyrarfjalls)* í austurbrún *Elliðaeyjar*" vísar leið austan við þá.




43.

Vitinn sést ekki. Kirkjan hefir verið færð.

**Skipalega.** Bezti legustaðurinn við *Flatey* er í hafnarmiðinu á 15—17 m dýpi. Í NV. stormi er ekki góð lega norðan við eyjuna. Þá má liggja sunnan við eyjuna, eða fyrir innan *Hafnarey*. Inni á höfninni í *Hafnarey* geta 2—3 smáskip legið við landfestar og skipsfestar sínar á 3,5—5,5 m dýpi. Höfnin er notuð sem vetrarlega.

Flóðbið: 3 klst. 32 mín. *Flóðhæð*: um stórstraum 3,1 m, um smástraum 1,5 m.

**Hafnsögumaður** er í *Hergilsey*, en hún er 4 sjóm. fyrir NV. *Flatey*.

**Flóinn fyrir austan línu úr Elliðaey í Flatey** er fullur af eyjum og skerjum, en milli þeirra eru nothæfar siglingaleiðir. Herforingjaráðið danska hefir mælt eyjarnar og helztu skerin, en sjómæling hefir aðeins verið gerð á leiðunum til *Skarðsstöðvar, Saltólmavíkur* og *Króksfjarðarness*. Þessar skipaleiðir eru færar skipum, sem ekki rista yfir 6 m. Fyrir seglskip eru leiðirnar hættulegar vegna þess, hve þröngar og straumharðar þær eru, en þær eru þó ekki ófærar vegna þess, að þar má leggjast á góðum legustöðum.

Þegar komið er inn undir eyjarnar eða boðana, er haldið inn á suðurflóann milli *Stagleyjar* og *Gassaskerja*. Aðeins tvö af *Gassaskerjum* eru áberandi og ætíð upp úr sjó.

## sýning

## Guðmundar Thoroddsen

## KJARVALSSTÖÐUM

velkomin á opnun laugardag 22. sept. kl 14.

opið alla daga 14-22 til 7. okt.

# MIÐ

Sýning Guðmundar Thoroddsen

1. Austasti hnúkurinn á Blákolli í vesturöxl Akrafjalls.
2. Vífilfell í Engeyjarbæ.
3. Norðurendi Miðfjarðarness í rætur Hafnarfjalls.
4. Búlandshöfði í Bullusker.
5. Austur fjallsrætur Kirkjufells í Krossnessbakka.
6. Austurbrún Helgafells yfir hæsta klettinn á vestasta Bæjarskerinu.
7. Stakkseyjarvarða í Súgandiseyjarvörðu.
8. Bergið austast á Elliðaey í merkið á nyrsta Bæjarskerinu.
9. Vesturendi Elliðaeyjar í Hest.
10. Staðardrangur í Hafnarey.
11. Látrabjarg framundan Skor.
12. Hægri hlið á Geitafelli í Skarð á Borgarfjalli.
13. Grafarfellshyrna í eystri vörðuna á Hrútey.
14. Skarðið milli Vaðalhnúka í smáhól austast í Borgarlandi.
15. Skálanestær í Lat.
16. Hægri brún Boðaskers í vinstri brún Ásmóðareyjar.
17. Holtahyrna í Þyrishólma.
18. Hæsti hnúkur á Bakkasnjófjöllum í hægri brún Tindaskers.
19. Grafardrangur í hægri brún Stóru-Orfiriseyjar.
20. Vörðurnar á Steinakletti bera saman.
21. Skarðið á Eyrarsveitarfjalli í suðurbrattann á Hesthöfða.